

## REGLUGERÐ

### um notkun og markaðssetningu fódurs.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2011 frá 1. maí 2011 öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 um setningu fódurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins nr. 79/373/EBE, nr. 80/511/EBE, nr. 82/471/EBE, nr. 83/228/EBE, nr. 93/74/EBE, nr. 93/113/EB og nr. 96/25/EB og á ákvörðun ráðsins nr. 2004/217/EB.

#### 2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

#### 4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri:

- a) 6., 15., 16., 17., 18. og 19. gr. falla brott.
- b) A-, B- og C-liður í 2. viðauka falla brott.
- c) A-liður (Almenn ákvæði) og 1. og 2. tl. B-liðar (sérákvæði), í 5. viðauka, falla brott.
- d) 6., 7., 8., 9., 10. og 13. viðauki falla brott.
- e) Tilvísanir til nr. 79/373/EBE, nr. 80/511/EBE, nr. 82/471/EBE, nr. 83/228/EBE, nr. 93/74/EBE, nr. 93/113/EB og nr. 96/25/EB í 30. gr. falla brott.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 7. júlí 2011.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 767/2009**

frá 13. júlí 2009

**um setningu fódurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun ráðsins 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun ráðsins 2004/217/EB**

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HABA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr. og b-lið 4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðleitni til að vernda sem best heilbrigði manna og dýra er eitt helsta markmiðið með setningu laga um matvæli eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla <sup>(3)</sup>. Með þeirri reglugerð var einnig komið á nálguninni „frá bóndanum á borðið“ þar sem fódur er skilgreint sem viðkvæmt stíg í upphafi matvælaferlisins. Eitt helsta markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja öfluga lýðheilsuvernd.

2) Framleiðsla fódurs er mikilvæg með tilliti til nýtingar evrópskra landbúnaðarafurða þar eð flest hráefnanna, sem eru notuð í framleiðslu fódurs, eru landbúnaðarafurðir sem eru skráðar í I. viðauka við stofnsáttmálann. Enn fremur er fódur afar mikilvægt fyrir þær 5 milljónir búfjábænda sem starfa í Bandalaginu þar eð því fylgir mesti kostnaðurinn.

3) Fódur getur verið í formi fódurefna, fódurblandna, fóduraukefna, forblandna eða lyfjablandaðs fódurs. Reglur um setningu fóduraukefna á markað eru settar fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(4)</sup> en fyrir lyfjablandað fódur í tilskipun ráðsins 90/167/EBE frá 26. mars 1990 um skilyrði sem hafa áhrif á blöndun, markaðssetningu og notkun lyfjablandaðs fódurs í Bandalaginu <sup>(5)</sup>.

4) Núgildandi löggjöf um dreifingu og notkun fódurefna og fódurblandna, að meðtöldu gæludýrafóðri, nánar tiltekið tilskipun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fódurs <sup>(6)</sup>, tilskipun ráðsins 93/74/EBE frá 13. september 1993 um fódur sem er miðað við sérstök næringarmarkmið <sup>(7)</sup> (sérfóður), tilskipun ráðsins 96/25/EB frá 29. apríl 1996 um dreifingu og notkun fódurefna <sup>(8)</sup> og tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu <sup>(9)</sup> (lífprótín), þarf að uppfæra og í

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 77, 31.3.2009, bls. 84.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 5. febrúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 92, 7.4.1990, bls. 42.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 237, 22.9.1993, bls. 23.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8.

stað þeirra þarf að koma ein reglugerð. Til glöggvunar skal fella úr gildi tilskipun ráðsins 83/228/EBE frá 18. apríl 1983 um setningu viðmiðunarreglna um mat á aukefnum í dýrafæðu<sup>(1)</sup> og tilskipun ráðsins 80/511/EBE frá 2. maí 1980 um að leyfa markaðssetningu fôðurblandna í ólökudum umbúðum eða ílátum í ákveðnum tilvikum<sup>(2)</sup>.

- 5) Af niðurfellingu tilskipunar 79/373/EBE með þessari reglugerð leiðir að einnig skal fella úr gildi tilskipun ráðsins 93/113/EB frá 14. desember 1993 um notkun og markaðssetningu ensíma, örvera og blandna þeirra í dýrafæðu<sup>(3)</sup>. Í ljósi þess að tilskipun 79/373/EBE er felld úr gildi og þar sem í þessari reglugerð er að finna reglur varðandi merkingu fôðurs sem inniheldur aukefni skal einnig fella úr gildi 16. gr. tilskipunar ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fôðri<sup>(4)</sup> sem var áfram í gildi eftir að tilskipun 70/524/EEC var felld úr gildi með reglugerð (EB) nr. 1831/2003.
- 6) Ólíkt því sem gildir um matvæli, eins og þau eru skilgreind í reglugerð (EB) nr. 178/2002, þá er vatn ekki innifalið í skilgreiningunni á fôðri. Þar eð vatn er auk þess ekki sett á markað sem fôður skulu í þessari reglugerð ekki vera skilyrði er varða vatn sem er notað í fôður. Hins vegar skal hún gilda um fôður sem gefið er í vatni. Um notkun fôðurfyrirtækja á vatni gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fôður<sup>(5)</sup> þar sem kveðið er á um að hreint vatn skuli jafnan nota þegar nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir mengun sem gæti haft hættu í för með sér og að vatn, sem er notað við fôðurframleiðslu, skuli vera af viðeigandi gæðum.
- 7) Með hliðsjón af áhættunni á mengun í fôður- og matvælaferlinu þykir rétt að þessi reglugerð gildi bæði um fôður fyrir dýr, sem gefa af sér afurðir til manneldis, og dýr, sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, þ.m.t. villt dýr.
- 8) Sú ábyrgð stjórnenda fôðurfyrirtækja, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og reglugerð (EB) nr. 183/2005, gildir, að breyttu breytanda, um fôður fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.
- 9) Til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð skulu aðildarríkin framkvæma opinbert eftirlit í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004

frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt<sup>(6)</sup>. Slíkt eftirlit skal ekki eingöngu eingöngu ná til lögbodinna merkingarupplýsinga heldur einnig þeirra sem eru valfrjálsar. Til að hægt sé að hafa eftirlit með gögnum um samsetningu skal ákvarða ásætlanleg vikmörk fyrir gildi sem eru tilgreind í merkingum.

- 10) Í því skyni að hafa stjórn á áhættu í tengslum við öryggi fôðurs skal í viðauka við þessa reglugerð birta skrána yfir efni, sem bannað er að setja á markað sem fôður, eins og nú er kveðið á um í ákvörðun ráðsins 2004/217/EB<sup>(7)</sup>, og einnig skrá yfir efni sem aðeins má má setja á markað sem fôður háð ákveðnum takmörkunum. Þó að slíkur viðauki sé fyrir hendi skal ekki túlka það á þann veg að allar afurðir, sem ekki eru skráðar þar, geti talist öruggar.
- 11) Munurinn á fôðurefnum, fôðuraukefnum og öðrum afurðum eins og dýralyfjum hefur áhrif á skilyrðin varðandi setningu þessara afurða á markað. Fôðurefni eru aðallega notuð til að uppfylla þarfir dýra, t.d. þörfina fyrir orku, næringarefni, steinefni eða fæðutrefjar. Þau eru venjulega ekki efnafræðilega vel skilgreind nema aðalnæringarefni. Áhrif, sem unnt er að rökstyðja með vísindalegu mati og varða eingöngu fôðuraufefni eða dýralyf, skulu ekki falla undir markmiðin með notkun fôðurefna. Því þykir rétt að gera drög að valfrjálssum viðmiðunarreglum til að greina á milli þessara tegunda afurða. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórninni heimilt að skýra hvort afurð teljist fôður í skilningi þessarar reglugerðar.
- 12) Skilgreiningin á fôðurbæti í tilskipun 79/373/EBE leiddi til vandkvæða við beitingu hennar í ýmsum aðildarríkjum. Rétt er að skýra muninn á fôðurbæti og forblöndu með tilliti til beitingar reglugerðar (EB) nr. 183/2005.
- 13) Til að unnt sé að beita löggjöfinni á samræmdan hátt skulu fôðurefni og fôðurbætir ekki innihalda aukefni yfir tilteknum styrk. Þegar um er að ræða afar þykkt fôður eins og steinefnafötur má aftur á móti nota það beint sem fôður ef samsetningin samræmist því sérstaka næringarmarkmiði sem um er að ræða með tilliti til viðkomandi fyrirhugaðrar notkunar. Skilyrði, sem gilda um notkun slíks fôðurs, skulu koma fram í merkingum til að tryggja að farið sé að reglum um innihald fôðuraufefna í daglegum skammti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 126, 13.5.1983, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 126, 21.5.1980, bls. 14.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 334, 31.12.1993, bls. 17.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 67, 5.3.2004, bls. 31.

- 14) Markmiðið með tilskipun 82/471/EBE er að bæta framboð á fódri sem er notað sem beinn og óbeinn prótíngjafi í Bandalaginu. Í þeirri tilskipun er gerð krafa um málsmeðferð leyfisveitingar fyrir öll lífprótín áður en þau eru sett á markað. Hingað til hafa þó aðeins fáein leyfi verið veitt og enn gætir skorts á prótínriku fódri. Þannig hefur almenna krafan um veitingu leyfis, áður en setning á markað á sér stað, reynst hamlandi og í stað hennar væri hægt að taka á öryggisáhættu með því að banna áhættusamar afurðir á grundvelli markaðsefirlits. Í tilvikum þar sem niðurstaða áhættumats á lífprótíni er neikvæð skal banna dreifingu eða notkun þess lífprótíns. Því ber að afnema sérkröfuna um almenna málsmeðferð leyfisveitingar áður en setning á markað á sér stað en það hefur í för með sér að öryggiskerfið fyrir þessar afurðir verður það sama og fyrir öll önnur fódurefni. Þetta skal ekki hafa áhrif á gildandi hömlur eða bönn sem gilda um tiltekin lífprótín.
- 15) Ákvæði tilskipunar 93/74/EBE, sem komið var í framkvæmd með tilskipun ráðsins 2008/38/EB frá 5. mars 2008 um gerð skrár yfir fyrirhugaða notkun fódurs með sérstök næringarmarkmið í huga<sup>(1)</sup> hafa reynst vel. Þessari skrá yfir fyrirhugaða notkun skal því viðhalda og kveða skal á um uppfærslu hennar í þessari reglugerð. Einkum skal hafa samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu varðandi verkun og öryggi slíks fódurs þegar fáanlegar vísindalegar og tæknilegar upplýsingar gefa ástæðu til að ætla að notkun fódursins, sem um er að ræða, uppfylli hugsanlega ekki það sérstaka næringarmarkmið sem stefnt er að eða kunni að hafa skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið eða velferð dýra.
- 16) Við notkun fullyrðinga varðandi fódur skal einkum taka tillit til vísindalegra sannana og skulu stjórnendur fódurfyrirtækja, sem nota slíkar fullyrðingar, geta fært rök fyrir þeim. Fullyrðingu er hægt að rökstyðja vísindalega með því að taka tillit til allra vísindalegra upplýsinga, sem tiltekar eru, og skal veða þær og meta.
- 17) Merkingar þjóna því markmiði að auðvelda framfylgd, rekjanleika og efirlit. Þar að auki skal með merkingum láta kaupendum í té nauðsynlegar upplýsingar til að gera þeim kleift að velja þá afurð sem best hentar þörfum þeirra og skulu merkingar vera samræmdar, skýrar, gagnsæjar og skiljanlegar. Í ljósi þess að kaupendur, einkum búfjárbændur, velja afurðirnar ekki eingöngu á sölustað þar sem þeir geta skoðað umbúðir fódursins skulu kröfur varðandi upplýsingar í merkingum ekki einungis gilda um merkimiða á afurðunum heldur einnig um önnur samskipti milli seljanda og kaupanda. Enn fremur skulu sömu meginreglur gilda um kynningu og auglýsingu fódurs.
- 18) Lögboðnar og valfrjálsar upplýsingar koma fram í merkingum. Lögboðnu upplýsingarnar skulu endurspegla bæði almennar kröfur varðandi merkingar og sértækar kröfur, sem gilda um fódurefni annars vegar og fódurblöndur hins vegar, og viðbótarkröfur ef um er að ræða sérfóður, mengað efni og gæludýrafóður.
- 19) Núverandi ástand, að því er varðar efnafraeðileg óhreinindi úr framleiðsluferli fódurefna og hjálparefnum við vinnslu, er ekki fullnægjandi. Til að tryggja mjög öruggt fódur, og þar með einnig öfluga vernd lýðheilsu, og til að auka gegnsæi skal samþykkja ákvæði þar sem mælt er fyrir um ásætlanlegt innihald slíkra efnafraeðilegra óhreininda í samræmi við góðar starfsvenjur eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 183/2005.
- 20) Sú meginregla, að aðeins þurfi að merkja tiltekin fóduraukefni þegar þau eru notuð í fódurefni og fódurblöndur, gefst vel. Hins vegar þarf að uppfæra og færa til nútímahorfs þá flokkun sem leiðir af reglugerð (EB) nr. 1831/2003, m.a. vegna þess að sumar viðbótarmerkingar gætu valdið ruglingi, einkum hjá gæludýraeigendum.
- 21) Vegna hættuástandsins, sem skapaðist af völdum kúariðu (heilahrömunar í nautgripum) og díoxíns var komið á þeirri skyldu, að frumkvæði Evrópuþingsins, með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/2/EB frá 28. janúar 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE um markaðssetningu blandaðs fódurs<sup>(2)</sup>, að tilgreina þyngdarhlutfall allra fódurefna í fódurböndum. Enn fremur hefur öryggi matvæla og fódurs aukist verulega af völdum reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og reglugerðar (EB) nr. 183/2005 og framkvæmdarráðstafana þeirra, einkum vegna þeirrar áherslu sem lögð er á ábyrgð stjórnenda fódur- og matvælafyrirtækja, bættis rekjanleikakerfis, innleiðingar meginreglunnar um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði (GáHMSS) í fódurfyrirtækjum og gerðar leiðbeininga um góðar hollustustarfsvenjur í fódurfyrirtækjum. Í ljósi þessa jákvæða árangurs, sem endurspeglast í tilkynningum til hraðviðvörunarkerfisins fyrir matvæli og fódur (RASFF), er sú skylda að tilgreina þyngdarhlutfall allra fódurefna í fódurböndum í merkingum ekki lengur nauðsynleg til að tryggja mjög öruggt fódur og þar með einnig öfluga vernd lýðheilsu. Aftur á móti má tilgreina nákvæma hundradshluta að eigin frumkvæði í þeim tilgangi að láta kaupendum í té fullnægjandi upplýsingar. Þar eð lögbær yfirvöld hafa aðgang að upplýsingum um nákvæm þyngdarhlutföll allra fódurefna í fódurböndum ættu þau að vera fær um að láta kaupendum í té

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 6.3.2008, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 63, 6.3.2002, bls. 23.

- frekari upplýsingar, ef brýnt þykir með tilliti til heilbrigðis manna eða dýra eða til umhverfisins og í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/48/EB frá 29. apríl 2004 um framfylgd hugverkaréttinda<sup>(1)</sup>.
- 22) Til að tryggja kaupandanum tilhlýðilegar upplýsingar og villa ekki um fyrir honum skal þó krefjast þess að nákvæmt þyngdarhlutfall fódurefnis sé tilgreint ef lögd er sérstök áhersla á fódurefnið í merkingu fódurblöndunnar.
- 23) Tilgreining fódurefna í fódurblöndu í lækandi röð miðað við þyngd gefur strax mikilvægar upplýsingar um samsetningu afurðarinnar. Á tilteknum svæðum, þar sem framleiðanda er ekki skylt að tilgreina einstök atriði í merkingum, skal kaupandi eiga þess kost að fara fram á viðbótarupplýsingar. Í slíkum tilvikum skal hafa vikmörk sem nema  $\pm 15\%$  af tilgreindu gildi.
- 24) Vernda skal hugverkarétt framleiðenda. Tilskipun 2004/48/EB gildir um framfylgd hugverkaréttinda. Einnig skal hafa í huga að meginleg samsetning fódurblandna, ólíkt heitum fódurefnanna sem þær innihalda, getur við tiltekin skilyrði talist til trúnaðarupplýsinga sem ber að vernda.
- 25) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í föðri<sup>(2)</sup> gildir ekki um merkingar föðurs með óæskilegum efnum í of miklum styrk. Því skal mæla fyrir um ákvæði til að tryggja fullnægjandi merkingar og rétta framkvæmd þynningarbannsins, sem kveðið er á um í 5. gr. þeirrar tilskipunar, þar til þessi menguðu efni hafa verið afeitruð í afeitrunarstöð, sem samþykkt hefur verið í samræmi við 2. eða 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005, eða þar til þau hafa verið hreinsuð.
- 26) Kveða skal á um undanþágur frá almennum kröfum varðandi merkingar í tilvikum þar sem ekki er nauðsynlegt að uppfylla slíkar kröfur til að vernda heilbrigði manna eða dýra eða hagsmuni neytenda og þar sem slík krafa legði óþarfa byrði á framleiðandann eða á stjórnendur fódurfyrirtækja sem bera ábyrgð á merkingum. Á grundvelli fenginnar reynslu skal einkum kveða á um undanþágur fyrir föður, sem bóndi afhendir öðrum bónda til notkunar á býli þess síðarnefnda, fyrir lítið magn, fyrir fódurblöndur, sem innihalda ekki fleiri en þrjár tegundir fódurefna, og fyrir blöndur heilla korna, fræja og aldina.
- 27) Að jafnaði skulu fódurblöndur settar á markað í lokuðum umbúðum en kveða skal á um viðeigandi undanþágur í tilvikum þar sem ekki er nauðsynlegt að uppfylla þá kröfu til að vernda heilbrigði manna eða dýra eða hagsmuni neytenda og hún yrði óhófleg byrði fyrir stjórnendur fódurfyrirtækja.
- 28) Í B-hluta viðaukans við tilskipun 96/25/EB og í 2.–4. dálki viðaukans við tilskipun 82/471/EBE eru skrár yfir heiti og lýsingar á tilteknum fódurefnum og yfir ákvæði um merkingar þeirra. Þessar skrár auðvelda skipti á upplýsingum um eiginleika afurðar milli framleiðanda og kaupanda. Reynslan af því að hvetja hagsmunaaðila til að setja valfrjálsa staðla, með því að nota viðmiðunarreglur Bandalagsins varðandi hollustuhætti á sviði föðurs, hefur ætíð verið góð. Hægt væri að ná fram viðtækari skráningu sem væri sveigjanlegri og betur aðlöguð að upplýsingaþörfum notandans ef hún væri í höndum hagsmunaaðila frekar en löggjafans. Hagsmunaaðilar geta ákveðið hversu mikla vinnu þeir vilja ráðast í með hliðsjón af virði viðkomandi skrár yfir fódurefni. Því er æskilegt að koma á fót skrá yfir fódurefni sem er ekki tæmandi og sem stjórnendur fódurfyrirtækja geta notað að eigin frumkvæði nema að því er varðar notkun á heiti fódurefnisins.
- 29) Núverandi skrár yfir fódurefni, sem er að finna í B-hluta viðaukans við tilskipun 96/25/EB og í 2.–4. dálki viðaukans við tilskipun 82/471/EBE, skulu mynda fyrstu útgáfu skrár Bandalagsins yfir fódurefni. Þessi upphaflega útgáfa skal svo aukin, að frumkvæði hagsmunaaðilanna í samræmi við hagsmuni þeirra, þ.m.t. með nýtilkomnum fódurefnum.
- 30) Til að tryggja gagnsæi er rétt að fulltrúum hagsmunaaðila sé tilkynnt um fódurefni, sem ekki er skráð í skrána, um leið og slíkt fódurefni er sett á markað í fyrsta sinn.
- 31) Nútímamerkingar stuðla að samkeppnismarkaði þar sem öflugir, skilvirkir og skapandi rekstraraðilar geta nýtt sér merkingar að fullu til að selja afurðir sínar. Með hliðsjón bæði af tengslunum milli fyrirtækja við setningu búfjárföðurs á markað og tengslunum milli framleiðanda og kaupanda gæluðráföðurs, gætu reglur um rétta merkingu á þessum tveimur sviðum komið að gagni við að ná markmiðunum með nútímamerkingum. Í reglunum skulu vera ákvæði sem gera kaupandanum kleift að taka upplýstar ákvarðanir. Einnig ættu reglurnar að gefa aðilanum, sem ber ábyrgð á merkingum, mikilvægar leiðbeiningar um ólík atriði merkinga. Hægt er að nota þær til stuðnings við túlkun á rammanum um valfrjálsar merkingar eða við

(<sup>1</sup>) Stjótið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 45.

(<sup>2</sup>) Stjótið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

framsetningu á lögboðnum merkingum. Reglurnar skal nota að eigin frumkvæði nema í tilvikum þar sem mælt er fyrir um notkun reglnanna í merkingum.

- 32) Þátttaka allra hlutaðeigandi aðila er grundvöllur þess að tryggja megi gæði og áreiðanleika skrárinnar og reglnanna um góðar starfsvenjur við merkingar. Til að efla rétt notenda til að fá tilhlýðilegar upplýsingar verður að taka tillit til hagsmuna þeirra. Þetta er hægt að tryggja með samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir skránni og reglunum, að því tilskildu að inntak þeirra sé framkvæmanlegt og að þær henti til að ná markmiðum þessarar reglugerðar.
- 33) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.
- 34) Nauðsynlegt er að ákveða aðlögunartímabil, einkum að því er varðar fóður sem uppfyllir sérstakt næringarmarkmið og að því er varðar ásætlanlegt innihald efnafræðilegra óhreininda úr framleiðsluferlinu og hjálparefnum við vinnslu. Einnig skal vera leyfilegt að setja núverandi birgðir á markað þar til þær eru uppnar. Enn fremur getur verið viðeigandi að tilgreina skilyrði sem gera kleift að merkja fóður í samræmi við þessa reglugerð áður en gildistöku dagur hennar rennur upp.
- 35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. samhæfingu skilyrða fyrir setningu fódurs á markað og notkun þess til að tryggja mjög öruggt fóður og þar með einnig öfluga lýðheilsuvernd og til að veita notendum og neytendum fullnægjandi upplýsingar og styrkja skilvirka starfsemi innri markaðarins, og markmiðinu verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálsins. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.
- 36) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(1)</sup>.
- 37) Framkvæmdastjórninni skal m.a. gefin heimild til að breyta skránni yfir efni, sem falla undir takmörkun eða bann á notkun sem fóður, að leyfa fóður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota, að koma á fót skrá yfir

flokka fyrir merkingar fóðurefna fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manndis, að undanskildum loöðýrum, að samþykkja breytingar á skránni yfir fóðurefni sem varða ákvörðun á hámarksinnihaldi efnafræðilegra óhreininda eða grasafraðilegu hreinleikastigi eða rakainnihaldi eða upplýsingum sem komi í stað lögboðinna upplýsinga, að samþykkja viðaukana í ljósi þróunar á sviði vísinda og tækni og að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalítlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalítlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

- 38) Með skírskotun til skilvirkni skal venjulegur frestur fyrir reglunefndarmeðferð með grannskoðun stytur fyrir samþykkt á uppfærslum skrárinnar yfir fyrirhugaða notkun. Ef málefnið er svo brýnt að ekki reynist unnt að virða hefðbundinn frest í tengslum við reglunefndarmeðferð með grannskoðun skal framkvæmdastjórnin geta beitt flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, við samþykkt breytinga á skránni yfir efni sem falla undir takmörkun eða bann á setningu á markað eða á notkun sem fóður.
- 39) Í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er mælt fyrir um ákvæði um merkingar og þökkun fóðuruakefna og forblandna. Framkvæmd reglnanna varðandi forblöndur hefur einkum valdið vandkvæðum í framkvæmd í atvinnugreininni og hjá lögbærum yfirvöldum. Til að stuðla að auknu samræmi í merkingum forblandna skal því breyta þeirri grein.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. KAFLI

##### INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

##### Markmið

Markmið þessarar reglugerðar, í samræmi við almennar meginreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002, er að samræma skilyrði fyrir setningu fódurs á markað og notkun þess til að tryggja mjög öruggt fóður og þar með einnig öfluga lýðheilsuvernd og einnig að veita notendum og neytendum fullnægjandi upplýsingar og styrkja skilvirka starfsemi innri markaðarins.

2. gr.

##### Gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um setningu fódurs á markað og notkun þess innan Bandalagsins, bæði fódurs sem ætlað er dýrum sem gefa af sér afurðir til manndis og dýrum sem gefa ekki af sér afurðir til manndis, að meðtöldum kröfum varðandi merkingar, þökkun og framsetningu.

<sup>(1)</sup> Sjátið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um önnur ákvæði Bandalagsins á sviði fôðurs, einkum ákvæði:

- a) tilskipunar 90/167/EBE,
- b) tilskipunar 2002/32/EB,
- c) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarmir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrömunar <sup>(1)</sup>,
- d) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis <sup>(2)</sup>,
- e) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fôður <sup>(3)</sup>,
- f) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1830/2003 frá 22. september 2003 um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fôðurvara sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum <sup>(4)</sup>,
- g) reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, og
- h) reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna afurða <sup>(5)</sup>.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um vatn, óháð því hvort það er gefið dýrunum beint eða sett í fôður af ásettu ráði. Hins vegar gildir hún um fôður sem gefa á í vatni.

### 3. gr.

#### Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) skilgreiningar á „fôðri“, „fôðurfyrirtæki“ og „setningu á markað“ skulu vera eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002,
- b) skilgreiningar á „fôðuraufni“, „forblöndu“, „hjálparefnum við vinnslu“ og „daglegum skammti“ skulu vera eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 og

c) skilgreiningar á „starfsstöð“ og „lögbæru yfirvaldi“ skulu vera eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 183/2005.

2. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- a) „stjórnandi fôðurfyrirtækis“: einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar í fôðurfyrirtæki undir hans stjórn,
- b) „fôðrun dýrs“: það að koma fôðri í meltingarveg dýrs um munn þess í þeim tilgangi að uppfylla næringarþarfir dýrsins og/eða viðhalda framleiðni dýra sem eru við eðlilega heilsu,
- c) „dýr sem gefur af sér afurðir til mannelis“: dýr sem er alið, ræktað eða haldið í þeim tilgangi að framleiða matvæli til mannelis, þ.m.t. dýr sem eru ekki nýtt til mannelis en tilheyra tegund sem er að jafnaði nýtt til mannelis í Bandalaginu,
- d) „dýr sem gefur ekki af sér afurðir til mannelis“: dýr sem er alið, ræktað eða haldið en er ekki nýtt til mannelis, s.s. loðdýr, gæludýr og dýr sem eru haldin á rannsóknarstofum, í dýragörðum og í fjölleikahúsum.
- e) „loðdýr“: dýr sem gefur ekki af sér afurðir til mannelis en er alið, ræktað eða haldið til framleiðslu loðskinna og er ekki nýtt til mannelis,
- f) „gæludýr“: dýr sem gefur ekki af sér afurðir til mannelis en tilheyrir tegund sem er alin, ræktað eða haldin en yfirleitt ekki nýtt til mannelis í Bandalaginu,
- g) „fôðurefni“: afurðir úr jurta- eða dýraríkinu, sem hafa þann megintilgang að uppfylla næringarþarfir dýra, eins og þær koma fyrir í náttúrunni, nýjar eða rotvarðar, svo og afurðir þeirra úr iðnaðarvinnslu og lífræn eða ólífræn efni, með eða án fôðuraufna, sem eru ætluð til fôðrunar dýra, annaðhvort óbreytt eða eftir vinnslu, eða notuð til framleiðslu á fôðurlöndum eða sem burðarefni í forblöndum,
- h) „fôðurblanda“: blanda a.m.k. tveggja fôðurefna, með eða án fôðuraufna, gefnar dýrum sem heilfôður eða fôðurbætir,
- i) „heilfôður“: fôðurblanda sem vegna samsetningar sinnar telst fullnægjandi dagskammtur;

<sup>(1)</sup> Sjútið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Sjútið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Sjútið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Sjútið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 24.

<sup>(5)</sup> Sjútið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

- j) „föðurbætur“: föðurblanda sem inniheldur tiltekin efni í ríkum mæli en sem vegna samsetningar sinnar telst því aðeins fullnægjandi dagskammtur að hún sé notuð með öðru föðri,
- k) „steinefnaföður“: föðurbætur sem inniheldur a.m.k. 40% af hráösku,
- l) „staðgöngumjólk“: föðurblanda sem gefin er í duftformi eða eftir þynningu í ákveðnu magni af vökva til að föðra ung dýr til viðbótar við eða í staðinn fyrir móðurmjólk eftir brodd eða til að föðra ung dýr, s.s. kálfa, lömb eða kíðlinga sem á að slátra,
- m) „burðarefni“: efni sem er notað til að leysa upp eða þynna föðurefni eða dreifa því eða breyta því á annan efnislegan hátt til að auðvelda meðhöndlun þess, beitingu eða notkun án þess að breyta tæknilegri virkni þess og án þess að það sjálf hafi tæknileg áhrif,
- n) „sérstakt næringarmarkmið“: það markmið að uppfylla sértækar næringarþarfir dýra þegar melting þeirra, upptaka eða efnaskipti eru skert eða gætu skerst, tímabundið eða til frambúðar, og það gæti því orðið dýrunum til góðs að neyta föðurs sem tekur mið af ástandi þeirra,
- o) „föður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota“: föður sem getur uppfyllt sérstakt næringarmarkmið vegna samsetningar eða aðferðar við framleiðslu sem greinir það á skýran hátt frá venjulegu föðri. Lyfjablandað föður í skilningi tilskipunar 90/167/EBE telst ekki föður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota,
- p) „mengun efni“: föður sem inniheldur óæskileg efni í magni umfram það sem telst ásætlanlegt samkvæmt tilskipun 2002/32/EB,
- q) „lágmarksgeymsluþol“: sá tími sem aðilinn, sem ber ábyrgð á merkingum, ábyrgist að föðrið muni halda tilgreindum eiginleikum sínum við réttar geymsluáðstæður; aðeins má tilgreina eina dagsetningu fyrir lágmarksgeymsluþol föðursins í heild sinni og sú dagsetning skal ákveðin á grundvelli lágmarksgeymsluþols hvers efnisþáttar þess,
- r) „lota“ eða „framleiðslueining“: sanngreinanlegt magn föðurs sem staðfest hefur verið að búi yfir sameiginlegum einkennum, s.s. er varðar uppruna, tegund, tegund umbúða, pakkanda, sendanda eða merkingar, en þegar um er að ræða framleiðsluferli: framleiðslueining sem er framleidd í einni stöð og með samræmdum
- framleiðslubreytum eða nokkrar slíkar einingar sem eru framleiddar í samfellu og geymdar saman,
- s) „merkingar“: orð, upplýsingar, vörumerki, vöruheiti, myndrænt efni eða tákni sem tengd eru við tiltekið föður með því að setja þessar upplýsingar á miðil sem vísar til eða fylgir föðrinu, s.s. umbúðir, ílát, tilkynning, merkimiði, skjal, hringur, borði eða Netið, einnig þegar það er gert í auglýsingaskyni,
- t) „merkimiði“: hvers kyns merkimiði, vöruheiti, merki, myndrænt efni eða annað lýsandi efni, hvort sem er ritað, prentað, stenslað, upphleypt, þrykkt eða fest á umbúðir eða ílát föðurs, og
- u) „framsetning“: lögum, útlit eða umbúðir og umbúðaeefni sem notað er undir föðrið og enn fremur hvernig föðrinu er stillt upp og í hvernig umhverfi það er sýnt.

## 2. KAFLI

### ALMENNAR KRÖFUR

#### 4. gr.

#### Kröfur varðandi öryggi og setningu á markað

1. Föður má eingöngu setja á markað og nota:

- a) ef það er öruggt og
- b) ef það hefur ekki bein, skaðleg áhrif á umhverfið eða velferð dýra.

Kröfumar, sem settar eru fram í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, gilda, að breyttu breytanda, um föður fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

2. Til viðbótar kröfunum, sem eru settar fram í 1. mgr. þessarar greinar, er einnig gerð sú krafa að stjórnendur föðurfyrirtækja, sem setja föður á markað, sjái til þess að föðrið:

- a) sé heilnæmt, ósvikið, upprunalegt, skili tilætludum árangri og sé söluhæft og
- b) sé merkt, pakkað og sett fram í samræmi við þau ákvæði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og annarri löggjöf Bandalagsins sem við á.

Kröfumar, sem settar eru fram í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, gilda, að breyttu breytanda, um föður fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.



3. Fóður skal vera í samræmi við tæknileg ákvæði um óhreinindi og aðra efnafræðilega mótandi þætti eins og sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

#### Ábyrgð og skuldbindingar fóðurfyrirtækja

1. Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu, að breyttu breytanda, uppfylla þær skyldur sem settar eru fram í 18. og 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005 að því er varðar fóður fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til mannelis.

2. Sá aðili, sem ber ábyrgð á merkingu fódurs, skal gera allar upplýsingar, sem varða samsetningu eða fullyrta eiginleika fódursins, sem sá aðili setur á markað, aðgengilegar lögbærum yfirvöldum svo að hægt sé að sannreyna hvort upplýsingarnar, sem gefnar eru í merkingunum, séu réttar, þ.m.t. nákvæm þyngdarhlutföll fódurefna í fódurblöndu.

3. Ef brýn ástæða er til, að því er varðar heilbrigði manna eða dýra eða umhverfið, og með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 2004/48/EB getur lögbæra yfirvaldið látið kaupanda í té upplýsingar sem eru aðgengilegar því skv. 2. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að lögbæra yfirvaldið komist að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa vegið og metið lögmæta hagsmuni framleiðenda annars vegar og kaupenda hins vegar, að réttmætt sé að afhenda slíkar upplýsingar. Ef við á skal lögbæra yfirvaldið afhenda slíkar upplýsingar gegn því að kaupandi undirriti skilmála um þagnarskyldu.

6. gr.

#### Takmörkun og bann

1. Fóður skal ekki innihalda efni eða samanstanda af efnum sem falla undir takmörkun eða bann á setningu á markað eða á notkun sem fóður. Skrá yfir slík efni er að finna í III. viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin skal breyta skránni yfir efni, sem falla undir takmörkun eða bann á setningu á markað eða á notkun sem fóður, með hliðsjón einkum af rannsóknaniðurstöðum, tæknipróun, tilkynningum samkvæmt hraðviðvörðunarkerfinu fyrir matvæli og fóður, eða niðurstöðum opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð (EB) nr. 882/2004.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr.

Ef málefnið er mjög brýnt er framkvæmdastjórninni heimilt að grípa til flýtimeðferðarinnar, sem um getur í 5. mgr. 28. gr., til að samþykkja þessar ráðstafanir.

3. KAFLI

### SETNING SÉRSTAKRA FÓÐURTEGUNDA Á MARKAÐ

7. gr.

#### Eiginleikar fóðurtegunda

1. Í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 28. gr., getur framkvæmdastjórnin samþykkt viðmiðunarreglur sem skýra muninn á fódurefnum, fóduraukefnum og öðrum afurðum á borð við dýralyf.
2. Ef nauðsyn krefur getur framkvæmdastjórnin samþykkt ráðstafanir til að skýra hvort tiltekin afurð teljist fóður að því er varðar þessa reglugerð.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr.

8. gr.

#### Fóðuruakefnainnihald

1. Með fyrirvara um notkunarskilyrðin, sem kveðið er á um í viðeigandi lagagerningi þar sem veitt er leyfi fyrir viðkomandi fóduruakefni, skulu fódurefni og fódurbætirinn ekki innihalda meira af fóduruakefni en nemur hundraðföldu viðeigandi hámarksinnihaldi, sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður, eða fimmföldu því hámarksinnihaldi þegar um er að ræða hnislalyf og vefsvipungalyf.

2. Aðeins má fara yfir hundraðfalt viðeigandi hámarksinnihald, sem ákveðið hefur verið fyrir heilfóður, eins og um getur í 1. mgr., ef samsetning viðkomandi afurða uppfyllir sérstakt næringarmarkmið í tengslum við viðeigandi, fyrirhugaða notkun skv. 10. gr. þessarar reglugerðar. Notkunarskilyrði fyrir slíkt fóður skal tilgreina nánar á skránni yfir fyrirhugaða notkun. Fyrirtæki undir stjórn framleiðanda slíks fódurs, sem notar fóduruakefni sem um getur í 2. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005, verða að hljóta samþykki í samræmi við b-lið 1. liðar 10. gr. þeirrar reglugerðar.

9. gr.

#### Setning fódurs á markað sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota

Fóður, sem er ætlað er til sérstakra, næringarlegra nota, má aðeins setja á markað sem slíkt ef fyrirhuguð notkun þess er á skránni yfir fyrirhugaða notkun, sem tekin er saman í samræmi við 10. gr., og það býr yfir þeim næringarfræðilegu eiginleikum sem eru nauðsynlegir til að uppfylla viðkomandi sérstakt næringarmarkmið sem er sett fram í þeirri skrá.

10. gr.

#### Skrá yfir fyrirhugaða notkun fódurs sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota

1. Framkvæmdastjórnin getur uppfært skrána yfir fyrirhugaða notkun, sem sett er fram í tilskipun 2008/38/EB,

með því að bæta nýrri fyrirhugaðri notkun á skrána, fjarlægja fyrirhugaða notkun sem þegar er í skránni, eða breyta skilyrðum sem eru tengd við tiltekna, fyrirhugaða notkun.

samþykkt framkvæmdarráðstafanir varðandi undirbúning og framsetningu umsóknarinnar.

#### 4. KAFLI

### MERKING, FRAMSETNING OG ÞÖKKUN

#### 11. gr.

#### Meginreglur merkingar og framsetningar

2. Ferlið við að uppfæra skrána yfir fyrirhugaða notkun getur hafist á grundvelli umsóknar sem einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Bandalaginu eða aðildarríki leggur fyrir framkvæmdastjórnina. Gild umsókn felur í sér málskjöl þar sem sýnt er fram á að hin tiltekna samsetning fôðursins þjóni því sérstaka næringarmarkmiði sem stefnt er að og að fôðrið hafi engin skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna, á umhverfið eða velferð dýra.

3. Framkvæmdastjórnin skal koma umsókninni, þ.m.t. málskjölnum, á framfæri við aðildarríkin án tafar.

4. Ef framkvæmdastjórnin telur ástæðu til að ætla, á grundvelli vísindalegra og tæknilegra upplýsinga, að notkun tiltekins fôðurs uppfylli ekki það sérstaka næringarmarkmið sem stefnt er að eða geti haft skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna, umhverfið eða velferð dýra, skal framkvæmdastjórnin leita áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) innan þriggja mánaða frá viðtöku gildrar umsóknar. Matvælaöryggisstofnunin skal skila áliti innan sex mánaða frá viðtöku beiðinnar. Þessi frestur skal framlengdur í hvert sinn sem Matvælaöryggisstofnunin leitar viðbótarupplýsinga frá umsækjanda.

5. Innan sex mánaða frá viðtöku gildrar umsóknar eða, eftir því sem við á, að fengnu áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglugerð sem uppfærir skrána yfir fyrirhugaða notkun ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., eru uppfyllt.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlem þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 6. mgr. 28. gr.

6. Þrátt fyrir 5. mgr. skal framkvæmdastjórnin, innan sex mánaða frá viðtöku gildrar umsóknar eða, eftir því sem við á, að fengnu áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar, ljúka ferlinu og ákveða að halda uppfærslunni ekki áfram, óháð því á hvaða stigi ferlið er, ef hún telur slíka uppfærslu ekki réttlætanlega. Framkvæmdastjórnin skal gera svo í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 28. gr.

Í slíkum tilvikum skal framkvæmdastjórnin, eftir atvikum, gera umsækjanda og aðildarríkjunum milliliðalaust grein fyrir þessu og taka fram í bréfi sínu ástæður þess að hún telur uppfærsluna ekki réttlætanlega.

7. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 28. gr.,

1. Merking og framsetning fôðurs skal ekki villa um fyrir notanda, m.a.:

a) að því er varðar fyrirhugaða notkun eða einkenni fôðursins, einkum eðli þess, framleiðsluaðferð, eiginleika, samsetningu, magn, endingu og tegundir eða flokka dýra sem það er ætlað,

b) með því að eigna fôðrinu áhrif eða eiginleika, sem það býr ekki yfir, eða gefa til kynna að það búi yfir sérstökum eiginleikum þegar allt svipað fôður býr í reynd yfir slíkum eiginleikum, eða

c) varðandi það að merkingar samræmist skrá Bandalagsins og reglum Bandalagsins sem um getur í 24. og 25. gr.

2. Með fôðurefnum eða fôðurböndum, sem sett eru á markað í lausri vigt eða í óinnsigliðum umbúðum í samræmi við 2. mgr. 23. gr., skal fylgja skjal með öllum lögboðnum merkingarupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð.

3. Ef fôður er boðið til sölu með fjarsamskiptamiðli, eins og hann er skilgreindur í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga<sup>(1)</sup>, skulu lögboðnar merkingarupplýsingar samkvæmt þessari reglugerð, að frátöldum þeim upplýsingum sem kveðið er á um í 15. gr. (b-, d- og e-lið) og 16. gr. (c-lið 2. mgr) eða 17. gr. (d-lið 1. mgr.), koma fram í gögnum, sem eru notuð við fjarsöluna, eða láttnar í té á annan videigandi hátt áður en fjarsölusamningur er gerður. Upplýsingarnar, sem um getur í 15. gr. (b-, d- og e-lið) og 16. gr. (c-lið 2. mgr.) eða 17. gr. (d-lið 1. mgr.) skulu láttnar í té í síðasta lagi við afhendingu fôðursins.

4. Í II. viðauka er mælt fyrir um ákvæði um merkingar til viðbótar þeim sem eru sett fram í þessum kafla.

5. Í IV. viðauka við þessa reglugerð eru birt leyfileg vikmörk fyrir ósamræmi milli þeirra gilda fyrir samsetningu fôðurefnis eða fôðurböndu sem eru tilgreind í merkingum og þeirra sem mælast í greiningum við opinbert eftirlit í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.

12. gr.

### Ábyrgð

1. Aðilinn sem ber ábyrgð á merkingum skal sjá til þess að upplýsingar, sem eiga að koma fram í merkingum, séu þar í raun og séu efnislega nákvæmar.

2. Ábyrgð á merkingum skal vera í höndum stjórnanda fôðurfyrirtækis sem fyrst setur fôðrið á markað eða, eftir atvikum, stjórnanda fôðurfyrirtækis sem setur fôðrið á markað undir sínu nafni eða firmaheiti.

3. Að því marki sem starfsemi stjórnenda fôðurfyrirtækja hefur áhrif á merkingar í fyrirtækinu sem þeir stjórna skulu þeir sjá til þess að upplýsingar, sem eru veittar, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, óháð því með hvaða miðli þær eru veittar.

4. Stjórnendur fôðurfyrirtækja, sem bera ábyrgð á smásölu- eða dreifingarstarfsemi sem hefur ekki áhrif á merkingar, skulu gæta þess vandlega að farið sé að kröfum varðandi merkingar, einkum með því að afhenda ekki fôður sem þeir vita eða ættu að vita, með hliðsjón af upplýsingum sem þeir búa yfir og sem fagmenn, að uppfyllir ekki þessar kröfur.

5. Stjórnendur fôðurfyrirtækja skulu sjá til þess, innan fyrirtækja sem eru undir þeirra stjórn, að lögboðnar merkingarupplýsingar komist til skila á öllum stigum matvælaferlisins þannig að upplýsingarnar berist endanlegum notanda fôðursins í samræmi við þessa reglugerð.

13. gr.

### Fullyrðingar

1. Með merkingum og framsetningu fôðurefna og fôðurblandna má vekja sérstaklega athygli á því að fôðrið innihaldi ákveðið efni eða ekki, á tilteknum, næringareiginleika eða ferli eða á tiltekinni virkni sem tengist einhverju framangreindra atriða, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að fullyrðingin sé hlutlæg og að lögbæru yfirvöldin geti sannreynt hana og hún sé skiljanleg notanda fôðursins, og

b) að sá aðili sem ber ábyrgð á merkingum láti lögbæra yfirvaldinu í té samkvæmt beiðni vísindaleg gögn til sönnunar fullyrðingunni, annaðhvort með tilvísun til rannsóknaniðurstæðna, sem eru aðgengilegar öllum, eða skjalfestra niðurstæðna úr rannsóknum fyrirtækisins. Slík vísindaleg gögn skulu aðgengileg þegar fôðrið er sett á markað. Kaupendur skulu hafa rétt til að upplýsa lögbæra yfirvaldið um efasemdir sínar varðandi sannleiksgildi fullyrðingarinnar. Þegar komist er að þeirri niðurstöðu að ekki liggi nægilegar sannanir að baki fullyrðingunni skal líta svo á að merkingar varðandi þá fullyrðingu teljist villandi í skilningi 11. gr. Þegar lögbæra yfirvaldið hefur efasemdir um vísindalegar sannanir fyrir fullyrðingu getur það lagt málið fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ákvörðun, að fengnu

áliti frá Matvælaöryggisstofnun eftir því sem við á, í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 28. gr.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. eru fullyrðingar varðandi kjörnýtingu næringar og viðhald eða vernd lífeðlisfræðilegs ástands leyfðar nema þær feli í sér fullyrðingu af þeirri tegund sem um getur í a-lið 3. mgr.

3. Í merkingum eða framsetningu fôðurefna og fôðurblandna skal ekki fullyrt:

a) að fôðrið muni fyrirbyggja, meðhöndla eða lækna sjúkdóm, nema um sé að ræða hníslalyf og vefsvipungalyf, sem eru heimilud samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003, en þó skal þessi liður ekki gilda um fullyrðingar varðandi næringaröjafnægi, að því tilskildu að engin sjúkdómseinkenni komi við sögu,

b) að fôðrið þjóni sérstöku næringarmarkmiði, eins og kveðið er á um í skránni yfir fyrirhugaða notkun sem um getur í 9. gr., nema það uppfylli kröfurnar sem þar er mælt fyrir um.

4. Við Bandalagsreglurnar, sem um getur í 25. gr., má bæta nákvæmum skilgreiningum varðandi kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr.

14. gr.

### Framsetning merkingarupplýsinga

1. Lögboðnar merkingarupplýsingar skal gefa upp í heild sinni á áberandi stað á umbúðunum, á ílátinu, á merkimiða sem er festur við ílátið eða á fylgiskjalinu, sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr., á áberandi, auðlæsilegan og óafmáanlegan hátt á a.m.k. einu opinberu tungumáli aðildarríkisins eða svæðisins þar sem fôðrið er sett á markað.

2. Lögboðnar merkingarupplýsingar skulu auðgreinanlegar og ekki huldar með öðrum upplýsingum. Þær skulu settar fram í lít, leturgerð og stærð sem hvorki hylur né dregur fram hluta upplýsinganna nema það sé gert til að draga athygli að varnaðarsetningum.

3. Við Bandalagsreglurnar, sem um getur í 25. gr., má bæta nákvæmum skilgreiningum varðandi kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., og framsetningu valfrjálsra merkinga sem um getur í 22. gr.

15. gr.

### Almennar, lögbóðnar kröfur varðandi merkingar

Fôðurefni eða fôðurblandu skal ekki setja á markað nema eftirfarandi upplýsingar komi fram í merkingum:

a) tegund fôðurs: „fôðurefni“, „heilfôður“ eða „fôðurbætur“, eins og við á,

- þegar um er að ræða „heilfóður“ má nota heitið „staðgöngumjólk sem heilfóður“, ef við á,
  - þegar um er að ræða „fóðurbæti“ má nota eftirfarandi heiti, ef við á: „steinefnafóður“ eða „staðgöngumjólk sem fóðurbæti“,
  - þegar fóðrið er ætlað öðrum gæludýrum en köttum og hundum má nota „fóðurblanda“ í stað „heilfóður“ eða „fóðurbæti“,
- b) nafn eða firmaheiti og heimilisfang stjórnanda fóðurfyrirtækisins sem ber ábyrgð á merkingum,
- c) samþykkisnúmer starfsstöðva fyrirtækisins, ef slíkt númer er fyrir hendi, fyrir þann aðila sem ber ábyrgð á merkingum og er veitt, í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, starfsstöðvum sem eru leyfðar í samræmi við 23. gr. (a-, b- og c-lið 2. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 eða 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 eða 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005. Ef aðili, sem ber ábyrgð á merkingum, er með fleiri en eitt samþykkisnúmer skal hann nota númerið sem er veitt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 183/2005,
- d) tilvísunarnúmer lotu eða framleiðslueiningar,
- e) nettómagn, gefið upp í massaeiningum, ef um er að ræða afurðir í föstu formi, og í massa- eða rúmmálsaeyningum ef um er að ræða afurðir í vökvaformi,
- f) skrá yfir fóðurukefni, með fyrirsögninni „aukefni“, í samræmi við I. kafla VI. eða VII. viðauka, eftir því sem við á, og með fyrirvara um ákvæði varðandi merkingar sem mælt er fyrir um í lagagerningnum þar sem veitt er leyfi fyrir viðkomandi fóðurukefni, og
- g) rakainnihald skv. 6. lið I. viðauka.

16. gr.

#### Sértækar, lögboðnar kröfur varðandi merkingar fóðurefna

1. Til viðbótar kröfunum sem kveðið er á um í 15. gr. er einnig gerð sú krafa að eftirfarandi komi fram í merkingum fóðurefna:
- a) heiti fóðurefnisins, og skal nota heitið í samræmi við 5. mgr. 24. gr., og
  - b) lögboðnar upplýsingar sem svara til viðkomandi flokks eins og hann er settur fram í skránni í V. viðauka; í stað lögboðinna upplýsinga má setja upplýsingar, sem mælt er fyrir um í skrá Bandalagsins yfir fóðurefni sem um getur í 24. gr., fyrir hvert fóðurefni í viðkomandi flokki.
2. Til viðbótar kröfunum, sem kveðið er á um í 1. mgr., er einnig gerð sú krafa að eftirfarandi komi fram í merkingum fóðurefna ef í þeim eru aukefni:
- a) tegundir eða flokkar dýra sem fóðurefnið er ætlað, ef viðkomandi aukefni hafa ekki verið leyfð fyrir allar dýrategundir eða hafa verið leyfð með hámarks-gildum fyrir sumar tegundir,

- b) leiðbeiningar um rétta notkun í samræmi við 4. lið II. viðauka, ef kveðið er á um hámarksinnihald viðkomandi aukefna, og
- c) lágmarksgeymsluþol aukefnanna, annarra en tæknilegra aukefna.

17. gr.

#### Sértækar, lögboðnar kröfur varðandi merkingar fóðurblandu

1. Til viðbótar kröfunum sem kveðið er á um í 15. gr. er einnig gerð sú krafa að eftirfarandi komi fram í merkingum fóðurblandna:
- a) tegundir eða flokkar dýra sem fóðurblandan er ætluð,
  - b) leiðbeiningar um rétta notkun þar sem fram kemur tilgangurinn með notkun fóðursins; þessar leiðbeiningar skulu, eftir því sem við á, vera í samræmi við 4. lið II. viðauka,
  - c) þegar framleiðandi er ekki aðilinn sem ber ábyrgð á merkingum skal eftirfarandi koma fram:
    - nafn eða firmaheiti og heimilisfang framleiðanda, eða
    - samþykkisnúmer framleiðanda, eins og um getur í c-lið 15. gr., eða auðkenningarnúmer í samræmi við 9., 23. eða 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005; ef slíkt númer er ekki fyrir hendi skal koma fram auðkenningarnúmer sem úthlutað er að beiðni framleiðenda eða að beiðni stjórnanda fóðurfyrirtækis sem flytur fóðrið inn og skal það vera í samræmi við sniðið sem mælt er fyrir um í II. kafla V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005,
  - d) upplýsingar um lágmarksgeymsluþol, gefnar upp á eftirfarandi hátt:
    - „notist fyrir ...“ ásamt dagsetningu þar sem gefinn er upp tiltekinn dagur ef um er að ræða fóður sem er mjög viðkvæmt fyrir skemmdum vegna niðurbrotsferla,
    - „best fyrir ...“ ásamt dagsetningu þar sem gefinn er upp tiltekinn mánuður ef um er að ræða annað fóður.

Ef framleiðsludagur er gefinn upp á merkimiðanum má einnig gefa upp dagsetninguna, sem gefur til kynna lágmarksgeymsluþol, á eftirfarandi hátt „... (tími í dögum eða mánuðum) eftir framleiðsludag“,

- e) skrá yfir fóðurefnin sem fóðrið er gert úr, með fyrirsögninni „samsetning“, þar sem tilgreint er heiti hvers fóðurefnis í samræmi við a-lið 1. mgr. 16. gr. og þessi fóðurefni talin upp í lækandi röð eftir þyngd, reiknað út

frá rakainnihaldi fôðurlöndunnar; í skránni má einnig tilgreina þyngdarhlutfall, og

- f) lögboðnar upplýsingar sem kveðið er á um í II. kafla VI. eða VII. viðauka, eftir því sem við á.

2. Að því er varðar skrána sem kveðið er á um í e-lið 1. mgr. skulu eftirfarandi kröfur gilda:

- a) gefa skal upp heiti fôðurefnis og þyngdarhlutfall ef lögð er áhersla á það í merkingum, með orðum, myndum eða annars konar myndrænni útfærslu að efnið sé í fôðrinu,

- b) ef þyngdarhlutföll fôðurefna í fôðurlöndu fyrir dýr, sem gefa af sér afurðir til manneldis, eru ekki gefin upp í merkingum skal sá aðili, sem ber ábyrgð á merkingum, með fyrirvara um tilskipun 2004/48/EB, koma upplýsingum á framfæri við kaupanda, fari hann þess á leit, um meginlega samsetningu, innan  $\pm 15\%$  vikmarka viðkomandi gildis, samkvæmt fôðursamsetningunni, og

- c) ef um er að ræða fôðurlöndu sem er ætluð dýrum sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, að undanskildum loðdýrum, má í stað sérheitis fôðurefnisins setja heiti flokksins sem fôðurefni tilheyrja.

3. Ef brýn ástæða er til, að því er varðar heilbrigði manna eða dýra eða umhverfið, og með fyrirvara um tilskipun 2004/48/EB getur lögbæra yfirvaldið látið kaupanda í té upplýsingar sem eru aðgengilegar því skv. 2. mgr. 5. gr., að því tilskildu að lögbæra yfirvaldið komist að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa vegið og metið lögmaeta hagsmuni framleiðenda annars vegar og kaupenda hins vegar, að réttmætt sé að afhenda slíkar upplýsingar. Ef við á skal lögbæra yfirvaldið afhenda slíkar upplýsingar gegn því að kaupandi undirriti skilmála um þagnarskyldu.

4. Að því er varðar c-lið 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin taka saman skrá yfir flokka fôðurefna sem hægt er að tilgreina í stað einstakra fôðurefna í merkingum fôðurs sem ætlað er dýrum sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, að undanskildum loðdýrum.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndar meðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr.

18. gr.

#### Lögboðnar viðbótarkröfur varðandi merkingar fôðurs sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota

Til viðbótar almennu, lögboðnu kröfunum, sem mælt er fyrir um í 15., 16. og 17. gr., eftir því sem við á, er einnig gerð sú krafa að eftirfarandi komi fram í merkingum fôðurs sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota:

- a) lýsandi orðalagið „sérfôður“, þegar eingöngu er um að ræða fôður sem er ætlað til sérstakra, næringarlegra nota, við hlið heitis fôðursins eins og mælt er fyrir um í a-lið 15. gr.,

- b) tilskildar upplýsingar varðandi viðkomandi, fyrirhugaða notkun í 1.–6. dálki í skránni yfir fyrirhugaða notkun sem um getur í 9. gr., og

- c) ábending um að leita beri álits næringarfræðings eða dýralæknis áður en fôðrið er notað eða áður en notkunartíminn er framlengdur.

19. gr.

#### Lögboðnar viðbótarkröfur varðandi merkingar gæludýrafôðurs

Á merkimiða gæludýrafôðurs skal tilgreina gjaldfrjálst símanúmer eða annan viðeigandi samskiptamiðil sem kaupandi getur notað til að nálgast upplýsingar til viðbótar við lögboðnar upplýsingar varðandi:

- a) fôðuraufefni í gæludýrafôðrinu og

- b) fôðurefni sem eru í gæludýrafôðrinu og eru tiltekin eftir flokki eins og um getur í c-lið 2. mgr. 17. gr.

20. gr.

#### Lögboðnar viðbótarkröfur varðandi merkingar fôðurs sem stenst ekki kröfur

1. Til viðbótar kröfunum, sem mælt er fyrir um í 15., 16, 17. og 18. gr., er einnig gerð sú krafa að fôður, sem er ekki í samræmi við kröfur í lögum Bandalagsins skv. VIII. viðauka, t.d. mengað efni, beri merkingar með upplýsingunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. Framkvæmdastjórnin getur breytt VIII. viðauka til að færa hann til samræmis við þróun löggjafar í átt að innleiðingu staðla.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndar meðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr.

21. gr.

#### Undanþágur

1. Ekki skal gera kröfu um upplýsingarnar, sem um getur í c-, d-, e- og g-lið 15. gr. og b-lið 1. mgr. 16. gr., ef kaupandinn hefur lýst því yfir skriflega, áður en hver viðskipti fara fram, að hann þurfi ekki þessar upplýsingar. Hver viðskipti geta náð yfir nokkrar vörusendingar.

2. Á föðri í umbúðum má tilgreina upplýsingarnar, sem um getur í 15. gr. (c-, d- og e-lið) og 16. gr. (c-lið 2. mgr.) eða 17. gr. (c-, d- og e-lið 1. mgr.), á umbúðunum annars staðar en á merkimiðanum eins og um getur í 14. gr. (1. mgr.). Í slíkum tilvikum skal taka fram hvar þessar upplýsingar eru tilgreindar.

3. Með fyrirvara um I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005 skulu upplýsingarnar, sem um getur í 15. gr. (c-, d-, e- og g-lið) og 16. gr. (b-lið 1. mgr.) þessarar reglugerðar, ekki vera lögboðnar að því er varðar fódurefni sem ekki innihalda fóduraukefni, að undanskildum rotvarnarefnum eða íblöndunarefnum til votheysverkunar, og sem stjórnandi fódurfyrirtækis, í samræmi við 5. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 183/2005, framleiðir og afhendir notanda fódurs, sem fæst við frumframleiðslu, til notkunar á eigin bújörð.

4. Ekki skal krefjast lögboðinna upplýsinga, eins og um getur í f-lið 1. mgr. 17. gr., fyrir blöndur heilla korna, fræja og aldina.

5. Ef um er að ræða fódurblöndu sem er samsett úr þremur fódurefnum eða færri skal ekki gera kröfu um upplýsingarnar sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 17. gr. þegar fódurefni, sem eru notuð, eru greinilega tilgreind í lýsingunni.

6. Þegar um er að ræða 20 kg eða minna af fódurefnum eða fódurblöndum sem ætluð eru endanlegum notanda og seld í lausri vigt má vekja athygli kaupanda á upplýsingunum, sem um getur í 15., 16. og 17. gr., með viðeigandi tilkynningu á sölustað. Í slíkum tilvikum skal láta kaupanda í té upplýsingarnar, sem um getur í 15. gr. (a-lið) og 16. gr. (1. mgr.) eða 17. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), eftir því sem við á, í síðasta lagi á eða með reikningnum.

7. Þegar um er að ræða gæludýrafóður sem selt er í umbúðum með fjölda íláta má tilgreina upplýsingarnar, sem um getur í b-, c-, f- og g-lið 15. gr. og b-, c-, e- og f-lið 1. mgr. 17. gr., á ytri umbúðunum eingöngu og ekki á hverju íláti, að því tilskildu að samanlögð heildarþyngd pakkans sé ekki meiri en 10 kg.

8. Þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar geta aðildarríki beitt ákvæðum landslaga að því er varðar fóður sem ætlað er dýrum sem haldin eru til að nota í vísinda- og tilraunaskyni, að því tilskildu að sá tilgangur sé greinilega tilgreindur á merkimiðanum. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði án tafar.

22. gr.

#### Valfrjálsar merkingar

1. Til viðbótar við upplýsingar samkvæmt lögboðnum kröfum varðandi merkingar má einnig í merkingum fódurefna og fódurblanda setja valfrjálsar merkingarupplýsingar, að því tilskildu að farið sé að þeim meginreglum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Kveða má á um frekari skilyrði varðandi valfrjálsar merkingar í reglum Bandalagsins sem um getur í 25. gr.

23. gr.

#### Umbúðir

1. Fódurefni og fódurblöndur má aðeins setja á markað í lokuðum umbúðum eða ílátum. Umbúðum og ílátum skal loka þannig að þegar umbúðir eða ílát eru opnuð rofni innsigli og ekki sé hægt að nota það aftur.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. má setja eftirfarandi fóður á markað í lausri vigt eða í óinnsigliðum umbúðum eða ílátum:

- fódurefni,
- fódurblöndur sem eingöngu eru framleiddar með því að blanda saman korni eða heilum aldinum,
- fódurblöndur sem framleiðendur fódurblandna afhenda öðrum slíkum framleiðendum,
- fódurblöndur sem framleiðandi afhendir beint til notanda fódursins,
- fódurblöndur sem framleiðandi afhendir beint til pökkunarfyrirtækja,
- fódurblöndur í magni sem nemur í mesta lagi 50 kg og sem eru ætlaðar endanlegum notanda og teknar beint úr lokuðum umbúðum eða íláti, og
- fódurblokkir eða saltsteinar.

#### 5. KAFLI

#### SKRÁ BANDALAGSINS YFIR FÓÐUREFNI OG BANDALAGSREGLUR UM GÓÐAR STARFSVENJUR VIÐ MERKINGAR

24. gr.

#### Skrá Bandalagsins yfir fódurefni

1. Skrá Bandalagsins yfir fódurefni (hér á eftir nefnd „skráin“) skal tekin saman til að bæta merkingar fódurefna og fódurblandna. Skráin er ætluð til að auðvelda upplýsingaskipti um eiginleika afurða og setja fram skrá yfir fódurefni sem er ekki tæmandi. Í henni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram um hvert fódurefni sem þar er skráð:

- heiti
- kenninúmer,
- lýsing á fódurefninu, þ.m.t. upplýsingar um framleiðsluferlið, ef við á,

d) upplýsingar sem koma í stað lögboðinna upplýsinga samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr., og

e) orðalisti með skilgreiningum á ólíkum ferlum og tæknilegu orðfæri sem er notað.

2. Fyrsta útgáfan á skrá Bandalagsins yfir fôðurefni skal samþykkt í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 28. gr., eigi síðar en 21. mars 2010 og færslurnar í skránni skulu vera færslurnar í B-hluta viðaukans við tilskipun 96/25/EB og í dálkum 2–4 í viðaukanum við tilskipun 82/471/EBE. Orðalistinn samanstendur af IV. lið A-hluta viðaukans við tilskipun 96/25/EB.

3. Ferlið, sem mælt er fyrir um í 26. gr., gildir um breytingar á skránni.

4. Þessi grein gildir með fyrirvara um öryggiskröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. gr.

5. Stjórnendum fôðurfyrirtækja skal í sjálfsvald sett hvort þeir nota skrána. Hins vegar má aðeins nota heiti fôðurefnis sem skráð er í skránni með því skilyrði að farið sé að öllum viðeigandi ákvæðum skrárinnar.

6. Sá aðili, sem í fyrsta sinn setur fôðurefni á markað sem er ekki skráð í skránni, skal tafarlaust tilkynna um notkun þess til fulltrúa evrópskra fôðurgeirans sem um getur í 1. mgr. 26. gr. Fulltrúar evrópska fôðurgeirans skulu birta skrá yfir slíkar tilkynningar á Netinu og uppfæra skrána reglulega.

25. gr.

#### Reglur Bandalagsins um góðar starfsvenjur við merkingar

1. Framkvæmdastjórnin skal hvetja til þróunar á tvenns konar reglum Bandalagsins um góðar starfsvenjur við merkingar (hér á eftir nefndar „reglumar“), annars vegar fyrir gæludýrafôður og hins vegar fyrir fôðurbloður fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, e.t.v. með kafla um fôðurbloður fyrir loðdýr.

2. Með reglunum er stefnt að því að bæta merkingar. Í þeim skulu m.a. vera ákvæði um framsetningu upplýsinga í merkingum, sem kveðið er á um í 14. gr., um valfrjálssar merkingar, sem kveðið er á um í 22. gr. og um notkun fullyrðinga sem kveðið er á um í 13. gr.

3. Ferlið, sem mælt er fyrir um í 26. gr., gildir um setningu reglnanna og um allar breytingar á þeim.

4. Stjórnendum fôðurfyrirtækja skal í sjálfsvald sett hvort þeir nota reglurnar. Hins vegar má eingöngu taka fram í merkingum að einhverjar reglnanna hafi verið notaðar ef öll viðkomandi ákvæði slíkra reglna hafa verið uppfyllt.

26. gr.

#### Setning reglnanna og breytingar á skrá Bandalagsins yfir fôðurefni og reglum Bandalagsins

1. Gerð og breyting á drögum að breytingum á skrá Bandalagsins, á drögum að reglunum og á drögum að breytingum á þeim skal vera í höndum viðeigandi fulltrúa evrópska fôðurgeirans:

a) í samráði við aðra hlutaðeigandi aðila, s.s. notendur fôðurs,

b) í samstarfi við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og, þegar við á, Matvælaöryggisstofnunina,

c) að teknu tilliti til viðeigandi reynslu samkvæmt álitum frá Matvælaöryggisstofnuninni og til vísinda- eða tæknipróunar.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja öryggisráðstafanir, að því er varðar þessa grein, í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

3. Samþykkja skal breytingar á skrá Bandalagsins er varða ákvörðun á hámarksinnihaldi efnafræðilegra óhreininda, eins og um getur í 1. lið I. viðauka, eða grasfræðilegu hreinleikastigi, eins og um getur í 2. lið I. viðauka, eða rakainnihaldi, eins og um getur í 6. lið I. viðauka, eða upplýsingum sem komi í stað lögboðinna upplýsinga eins og um getur í b-lið 1. mgr. 16. gr.. Slíkar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með granskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr.

4. Ráðstafanir samkvæmt þessari grein skulu aðeins samþykktar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) þær hafi verið samdar í samræmi við 1. mgr.,

b) inntaki þeirra sé hægt að beita í gervöllu Bandalaginu í þeim geirum sem þær eiga við um, og

c) þær henti til að ná markmiðum þessarar reglugerðar.

5. Skráin skal birt í L-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*. Titill og tilvísanir reglnanna skulu birtar í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

#### 6. KAFLI

##### ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

27. gr.

#### Framkvæmdarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin getur gert breytingar á viðaukunum til að laga þá að vísinda- og tæknipróun.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því m.a. að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr.

2. Aðrar framkvæmdarráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir beitingu þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 28. gr., nema kveðið sé á um annað.

28. gr.

#### Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem komið var á fót skv. 58. gr. reglugerðar (EB) nr.178/2002 (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

5. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1., 2., 4. og 6. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

6. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. og b-liðar 5. mgr. í 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Frestirnir, sem mælt er fyrir um í c-lið 3. mgr. og b- og e-lið 4. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, skulu vera tveir mánuðir, einn mánuður og tveir mánuðir, eftir því sem við á.

29. gr.

#### Breyting á reglugerð (EB) nr. 1831/2003

Ákvæðum 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) Þegar við á, samþykkisnúmer starfsstöðvarinnar sem framleiðir fóduraukefnið eða forblönduna eða

setur á markað, skv. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður (\*) eða, eftir því sem við á, skv. 5. gr. tilskipunar 95/69/EB.

(\*) Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.“;

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við í lok 1. mgr.:

„Þegar um er að ræða forblöndur skulu b-, d-, e- og g-liðir ekki gilda um fóduraukefni sem sett hefur verið í fóður.“,

2. Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Auk upplýsinganna, sem tilgreindar eru í 1. mgr., skulu upplýsingar, sem tilgreindar eru í III. viðauka, vera með áberandi, audlæsilegum og óafmáanlegum hætti á umbúðum eða ílátum utan um fóduraukefni, sem tilheyrir virkum hópi sem tilgreindur er í III. viðauka, eða forblöndu sem inniheldur aukefni sem tilheyrir virkum hópi sem tilgreindur er í þeim viðauka.“,

3. Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Ef um er að ræða forblöndur skal orðið „forblanda“ standa á merkimiðanum. Tilgreina skal burðarefni, þegar um er að ræða fódurefni, í samræmi við e-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fódurs á markað og notkun þess (\*), og þegar vatn er notað sem burðarefni skal tilgreina rakainnihald forblöndunnar. Einungis má tilgreina eina dagsetningu fyrir lágmarksgeymsluþol hvern forblöndu í heild sinni, og sú dagsetning skal ákvörðuð á grundvelli dagsetningarinnar fyrir lágmarksgeymsluþol hvers efnisþáttar hennar.“

(\*) Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

30. gr.

#### Niðurfelling

Sextánda grein tilskipunar 70/524/EBE og tilskipanir 79/373/EBE, 80/511/EBE, 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og ákvörðun 2004/217/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. september 2010.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar og niðurfelldu ákvörðunina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartölunni í IX. viðauka.

31. gr.

#### Viðurlög

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd þeirra. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotin og hafa letjandi áhrif.



Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slík ákvæði eigi síðar en 1. september 2010 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

32. gr.

#### Aðlögunarráðstafanir

1. Þrátt fyrir aðra undirgrein 33. gr. má setja fóður, sem sett er á markað eða merkt í samræmi við tilskipanir 79/373/EBE, 82/471/EBE, 93/74/EBE og 96/25/EB fyrir 1. september 2010, á markað eða hafa áfram á markaðnum þar til birgðir eru uppurar.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 8. gr. má setja þær tegundir fôðurs, sem um getur í þeirri grein og hafa þegar verið settar á markað á löglegan hátt fyrir 1. september 2010, á markað eða hafa áfram á markaðnum þar til tekin hefur verið ákvörðun um umsókn um uppfærslu á skránni yfir fyrirhugaða notkun eins og um getur í 10. gr., að því tilskildu að slík umsókn hafi verið lögð fram fyrir 1. september 2010.

3. Þrátt fyrir 1. lið I. viðauka við þessa reglugerð má setja fôðurefni á markað og nota uns sérstakt hámarksinnihald efnafræðilegra óhreininda úr framleiðsluferli fôðurefnanna og

hjálparefnum við vinnslu hefur verið fastsett, að því tilskildu að þau uppfylli a.m.k. skilyrðin sem sett eru fram í 1. lið A-hluta II. bálks í viðaukanum við tilskipun 96/25/EB. Þessi undanþága skal þó falla úr gildi 1. september 2012.

4. Samþykkja má ráðstafanir til að auðvelda aðlögun að beitingu þessarar reglugerðar. Einkum má tilgreina skilyrði þar sem hægt er að merkja fóður í samræmi við þessa reglugerð áður en gildistöku dagur hennar rennur upp. Slíkar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því m.a. að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 28. gr.:

33. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2010.

Hins vegar skulu 31. og 32. gr. gilda frá þeim degi sem þessi reglugerð tekur gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

H.-G. PÖTTERING

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

E. ERLANDSSON

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

**Tæknileg ákvæði um óhreinindi, staðgöngumjólk, fôðurefni til bindingar eða eðlisbreytingar og ösku- og rakainnihald eins og um getur í 4. gr.**

1. Í samræmi við góðar starfsvenjur, eins og um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005, skulu fôðurefni vera laus við efnafræðileg óhreinindi úr framleiðsluferlinu og hjálparefnum við vinnslu nema sérstakt hámarksinnihald hafi verið fastsett í skránni sem um getur í 24. gr.
2. Grasafræðilegur hreinleiki fôðurefna skal ekki vera undir 95% nema mælt hafi verið fyrir um annað hreinleikastig í skránni sem um getur í 24. gr. Til grasafræðilegra óhreininda teljast óhreinindi plöntuefna sem ekki hafa skaðleg áhrif á dýrin, s.s. hálmur og fræ annarra ræktaðra tegunda eða illgresi. Innihald grasafræðilegra óhreininda á borð við leifar annarra oliufraja eða oliuríkra aldina úr fyrra framleiðsluferli skal ekki vera umfram 0,5% fyrir hverja tegund oliufraes eða aldins.
3. Járnmagm í staðgöngumjólki fyrir kálfa, sem eru 70 kg eða minna að lífþyngd, skal a.m.k. vera 30 milligrömm fyrir hvert kíló heilfôðurs með 12% rakainnihaldi.
4. Þegar fôðurefni eru notuð til að eðlisbreyta eða binda önnur fôðurefni má engu að síður telja afurðina til fôðurefna. Heiti, eiginleikar og magn fôðurefnisins, sem er notað til bindingar eða eðlisbreytingar, skal tilgreint í merkingum. Ef fôðurefni er bundið með öðru fôðurefni skal hlutfall hins síðarnefnda ekki vera meira en 3% af heildarþyngdinni.
5. Innihald ösku, sem er óleysanleg í saltsýru, skal ekki vera umfram 2,2% af þurrefninu. Hins vegar má innihaldið vera yfir 2,2% þegar um er að ræða:
  - fôðurefni,
  - fôðurböndur sem innihalda leyfð steinefni til bindingar,
  - steinefnafôður,
  - fôðurböndur sem innihalda meira en 50% af aukaafurðum hrísgrjóna eða sykurrófa,
  - fôðurböndur sem eru ætlaðar eldisfiski og innihalda meira en 15% af fiskimjöli,að því tilskildu að innihaldið sé tilgreint á merkimiðanum.
6. Svo fremi að ekki sé kveðið á um annað innihald í V. viðauka eða skránni sem um getur í 24. gr. þá skal tilgreina rakainnihald fôðursins ef það er meira en:
  - 5% þegar um er að ræða steinefnafôður sem inniheldur engin lífræn efni,
  - 7% þegar um er að ræða staðgöngumjólk og aðrar fôðurböndur sem innihalda meira en 40% af mjólkurvörum,
  - 10% þegar um er að ræða steinefnafôður sem inniheldur lífræn efni,
  - 14% þegar um er að ræða annað fôður.

## II. VIÐAUKI

**Almenn ákvæði um merkingar eins og um getur í 4. mgr. 11. gr.**

1. Innihaldið eða magnið, sem er tilgreint eða skal tilgreint, miðast við þyngd fôðursins nema annað sé tekið fram.
2. Þegar dagsetning er gefin upp í tölum skal röðin vera dagur, mánuður og ár og sniðið skal tekið fram á merkimiðanum með eftirfarandi skammstöfun: „DD/MM/ÁÁ“.
3. Samheiti í tilteknum tungumálum:
  - a) á tékknesku má í stað heitisins „krmiva“ setja „produkty ke krmeni“ eftir því sem við á, á þýsku má í stað heitisins „Einzel Futtermittel“ setja „Futtermittel-Ausgangserzeugnis“, á grísku má í stað „πρώτη ύλη ζωοτροφών“ setja „απλή ζωοτροφή“ og á ítölsku má í stað „materia prima per mangimi“ setja „mangime semplice“,
  - b) í tilgreiningu gæludýrafóðurs skal eftirfarandi orðalag heimilt: á búlögörsku „храна“, á spænsku „alimento“, á tékknesku má í stað heitisins „kompletní krmná směs“ setja „kompletní krmivo“ og í stað „doplňková krmná směs“ má setja „doplňkové krmivo“, á ensku „pet food“, á ítölsku „alimento“, á ungersku „állateledel“, á hollensku „samengesteld voeder“, á pólsku „karma“, á slóvensku „hrana za hišne živali“ og á finnsku „lemmikkieläinten ruoka“.
4. Í leiðbeiningum um rétta notkun fôðurbætis og fôðurefna sem innihalda aukefni umfram hámarksgildin sem eru fastsett fyrir heilfôður skal tilgreina hámarks magnið:
  - í grömmum eða kílógrömmum eða rúmmálseiningum af fôðurbæti og fôðurefnum fyrir hvert dýr á dag eða
  - sem hlutfall daglegs skammts eða
  - fyrir hvert kíló af heilfôðri eða sem hlutfall í heilfôðri,til að tryggja að farið sé eftir viðkomandi gildum fyrir hámarksinnihald fôðuraufefna í daglegum skammti.
5. Þegar um er að ræða gæludýrafôður má í stað orðalagsins „hráprótín“ setja „prótín“, í stað „jarðolia og fita“ má setja „fituinnihald“, og í stað „hráaska“ má setja „brenndar leifar“ eða „óliffrænt efni“, án þess að það hafi áhrif á greiningaraðferðirnar.

## III. VIÐAUKI

**Skrá yfir efni sem falla undir takmörkun eða bann á setningu á markað eða á notkun sem fóður eins og um getur í 6. gr.**

## 1. kafli: Bönnuð efni

1. Saur, þvag og aðskilið innihald meltingarvegs sem fellur til þegar meltingarvegur er tæmdur eða fjarlægður, án tillits til meðferðar eða blöndunar af nokkru tagi.
2. Skinn sem hafa verið meðhöndluð með sítunarefnum, þ.m.t. skinnúrgangur.
3. Fræ og önnur plöntufjölgunarefni, sem eftir uppskeru hljóta sérstaka meðferð með plöntuvarnarefnum vegna fyrirhugaðrar notkunar (fjölgun), og allar aukaafurðir sem eiga rætur að rekja til þeirra.
4. Timbur, þ.m.t. sag eða annað efni sem á rætur að rekja til timbers, sem hefur verið meðhöndlað með viðarvarnarefnum eins og þau eru skilgreind í V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna <sup>(1)</sup>.
5. Allur úrgangur frá aðskiljanlegum áföngum hreinsunarferlis þéttbýlis-, húsa- og iðnaðarskólps, eins og það er skilgreint í 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli <sup>(2)</sup>, án tillits til frekari hreinsunar þessa úrgangs og uppruna skólpsins.
6. Fastur úrgangur frá þéttbýli, s.s. húsasorp.
7. Umbúðir eftir notkun á afurðum úr matvælaiðnaði landbúnaðarvара, og hlutar þeirra.

## 2. kafli: Efni sem falla undir takmarkanir

---

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjótið. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

## IV. VIÐAUKI

**Leyfileg vikmörk í merkingum um samsetningu fôðurefna eða fôðurblandna eins og um getur í 5. mgr. 11. gr.**

1. Vikmörkin, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, gilda einnig um tæknileg frávik og greiningarfrávik. Þegar greiningarvikmörk, sem gilda um mælióvissu og frávik í vinnsluferli, eru fastsett á vettvangi Bandalagsins skal aðlaga gildin, sem sett eru fram í 2. mgr., til samræmis til að þau gildi aðeins um tæknilegu vikmörkin.
2. Þegar samsetning fôðurefnis eða fôðurblandu reynist vikja frá samsetningunni samkvæmt merkingu þannig að það rýri gildi afurðarinnar eru eftirfarandi vikmörk leyfileg:
  - a) fyrir hráprótín, sykrur, sterkju og inúlín:
    - 3 einingar ef tilgreint innihald er 30% eða meira,
    - 10% af tilgreindu innihaldi ef tilgreint innihald er minna en 30% en ekki minna en 10%,
    - 1 eining ef tilgreint innihald er minna en 10%,
  - b) fyrir hrátrefjar, jarðolíu og fitu:
    - 2,2 einingar ef tilgreint innihald er 15 % eða meira,
    - 15 % af tilgreindu innihaldi ef tilgreint innihald er minna en 15 % en ekki minna en 5 %,
    - 0,8 einingar ef tilgreint innihald er minna en 5%,
  - c) fyrir raka, hráösku, ösku sem er óleysanleg í saltsýru og klóríð, sem eru gefin upp sem NaCl, heildarfosfór, natríum, kalsíumkarbónat, kalsíum, magnesíum, sýrustuðul og efni sem er óleysanlegt í jarðolíueter:
    - 1,5 eining ef tilgreint innihald (gildi) er 15% (15) eða meira, eins og við á,
    - 10% af tilgreindu innihaldi (gildi) ef tilgreint innihald (gildi) er minna en 15% (15) en ekki minna en 2% (2), eins og við á,
    - 0,2 einingar ef tilgreint innihald (gildi) er minna en 2% (2), eins og við á,
  - d) fyrir orkugildi sem nemur 5% og prótíngildi sem nemur 10%,
  - e) fyrir fôðuraukefni <sup>(1)</sup>.
    - 10% ef tilgreint innihald er 1000 einingar eða meira,
    - 100 einingar ef tilgreint innihald er minna en 1000 einingar en ekki minna en 500 einingar,
    - 20% af tilgreindu innihaldi ef það er minna en 500 einingar en ekki minna en 1 eining,
    - 0,2 einingar ef tilgreint innihald er minna en 1 eining en ekki minna en 0,5 eining,
    - 40% af tilgreindu innihaldi ef það er minna en 0,5 einingar.Þessi vikmörk gilda einnig um hámarksinnihald fôðuraukefna í fôðurblandum.
3. Svo lengi sem ekki er farið yfir fastsettu hámarksgildin fyrir hvert fôðuraukefni mega frávik frá tilgreindu innihaldi nema allt að þreföldum viðeigandi vikmörkum sem mælt er fyrir um í 2. mgr.
4. Að því er varðar fôðuraukefni sem tilheyra hópi örvera skulu ásætlanleg efri mörk samsvara fastsettu hámarksgildi.

<sup>(1)</sup> Ein eining merkir í þessari málsgrein 1 mg, 1000 alþjóðaeiningar, þyrpingarfjöldann  $1 \times 10^9$  eða 100 ensimvirknieiningar af viðkomandi fôðuraukefni.

## V. VIÐAUKI

## Lögboðnar upplýsingar um fódurefni eins og um getur í b-lið 1. mgr. 16. gr.

	Fódurefni	Lögboðnar upplýsingar
1.	Fóðurjurtir og gróffóður	Hráprótín, ef > 10% Hrátrefjar
2.	Klíðislaust korn	
3.	Afurðir og aukaafurðir úr klíðislausu korni	Sterkja, ef > 20% Hráprótín, ef > 10% Jarðolía og fita, ef > 5% Hrátrefjar
4.	Oliufræ, oliurík aldin	
5.	Afurðir og aukaafurðir úr oliufræjum og oliuríkum aldinum	Hráprótín, ef > 10% Jarðolía og fita, ef > 5% Hrátrefjar
6.	Belgjurtafræ	
7.	Afurðir og aukaafurðir úr belgjurtafræjum	Hráprótín, ef > 10% Hrátrefjar
8.	Hnýði, rætur	
9.	Afurðir og aukaafurðir úr hnyðum og rótum	Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
10.	Afurðir og aukaafurðir sem falla til við iðnaðarvinnslu sykurrófa	Hrátrefjar, ef > 15% Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
11.	Afurðir og aukaafurðir sem falla til við iðnaðarvinnslu sykurreys	Hrátrefjar, ef > 15% Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
12.	Önnur fræ og aldin, afurðir úr þeim og aukaafurðir, að undanskildum þeim sem nefnd eru í 2.—7. lið	Hráprótín Hrátrefjar Jarðolía og fita, ef > 10 %
13.	Aðrar plöntur, afurðir úr þeim og aukaafurðir, að undanskildum þeim sem nefnd eru í 8.—11. lið	Hráprótín, ef > 10% Hrátrefjar
14.	Mjólkurafurðir og -aukaafurðir	Hráprótín Raki, ef > 5% Laktósi, ef > 10%
15.	Afurðir og aukaafurðir landdýra	Hráprótín, ef > 10% Jarðolía og fita, ef > 5% Raki, ef > 8 %
16.	Fiskur, önnur sjávardýr og afurðir úr þeim og aukaafurðir	Hráprótín, ef > 10% Jarðolía og fita, ef > 5% Raki, ef > 8 %
17.	Steinefni	Kalsíum Natríum Fosfór Önnur viðeigandi steinefni
18.	Ýmislegt	Hráprótín, ef > 10% Hrátrefjar Jarðolía og fita, ef > 10 % Sterkja, ef > 30% Heildarsykurinnihald, gefið upp sem súkrósi, ef > 10% Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni

## VI. VIÐAUKI

**Merkingarupplýsingar um fôðurefni og fôðurböndur fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis**

I. kafli: Merking fôðuraukefna eins og um getur í f-lið 15. gr. og 1. mgr. 22. gr.

1. Tilgreina skal eftirfarandi aukefni ásamt sérheitum þeirra, eins og skilgreint er í viðeigandi lagagerningi þar sem veitt er leyfi fyrir viðkomandi fôðuraukefni, magnið sem bætt er við, kenninúmer og heiti virka hópsins, eins og kveðið er á um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003, eða flokksins sem um getur í 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar:
  - a) aukefni þar sem kveðið er á um hámarksinnihald fyrir hvers konar marktægund,
  - b) aukefni sem tilheyra flokknum „dýraræktaraukefni“ og „hnislalyf og vefsvipungalyf“,
  - c) aukefni sem tilheyra virka hópnun „þvagefni og afleiður þess“ í flokknum „viðbætt næringarefni“ eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.
2. Tilgreina skal heitið, sem mælt er fyrir um í viðeigandi lagagerningi þar sem veitt er leyfi fyrir viðkomandi fôðuraukefni, og viðbætt magn fôðuraukefnisins ef lögð er áhersla á það í merkingum, með orðum, myndum eða myndrænni útfærslu, að það fôðuraukefni sé í fôðrinu.
3. Aðilinn sem ber ábyrgð á merkingunum skal upplýsa kaupanda um heiti, kenninúmer og virka hóp fôðuraukefnanna sem ekki eru nefnd í 1. mgr., ef hann fer fram á það.
4. Fôðuraukefni sem ekki eru nefnd í 1. mgr. má tilgreina að eigin frumkvæði á eyðublaðinu sem mælt er fyrir um í 1. mgr., eða að hluta til.
5. Ef skynræn aukefni eða fôðuraukefni með næringarfræðilega eiginleika eins og um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 eru tilgreind að eigin frumkvæði skal tilgreina viðbætt magn þeirra.
6. Ef aukefni tilheyrir fleiri en einum virku hópanna skal tilgreina þann virka hóp eða flokk sem á við um helstu virkni aukefnisins í fôðrinu sem um er að ræða.

II. kafli: Merking greiningarþátta eins og um getur í f-lið 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 22. gr.

1. Greiningarþættir fôðurböndu fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis skulu merktir eins og hér segir:

Fôður	Greiningarþættir og innihald	Markdýrategundir
Heilfôður	— Hráprótín	Allar tegundir
	— Hrátréfjar	Allar tegundir
	— Jarðolía og feiti	Allar tegundir
	— Hráaska	Allar tegundir
	— Lýsín	Svín og alifuglar
	— Meþíónín	Svín og alifuglar
	— Kalsíum	Allar tegundir
	— Natríum	Allar tegundir
Fôðurbættir — Steinefni	— Fosfór	Allar tegundir
	— Lýsín	Svín og alifuglar
	— Meþíónín	Svín og alifuglar
	— Kalsíum	Allar tegundir
	— Natríum	Allar tegundir
	— Fosfór	Allar tegundir
	— Magnesium	Jórturdýr

Fóður	Greiningarþættir og innihald	Markdýrategundir
Fóðurbætur — Annað	— Hráprótín	Allar tegundir
	— Hrárefjar	Allar tegundir
	— Jarðolía og feiti	Allar tegundir
	— Hráaska	Allar tegundir
	— Lýsín	Svín og alifuglar
	— Meþíónín	Svín og alifuglar
	— Kalsíum $\geq 5\%$	Allar tegundir
	— Natríum	Allar tegundir
	— Fosfór $\geq 2\%$	Allar tegundir
	— Magnésíum $\geq 0,5\%$	Jórturdýr

- Ef aínósýrur, vítamín og/eða snefilefni eru tilgreind undir fyrirsögninni greiningarþættir skal tilgreina þau ásamt heildarmagni þeirra.
- Ef orkugildi og/eða prótingildi eru tilgreind skal slík tilgreining vera í samræmi við aðferð Bandalagsins, ef völ er á, eða viðeigandi, opinbera innlenda aðferð í aðildarríkinu þar sem fóðrið er sett á markað, ef völ er á.



## VII. VIÐAUKI

**Merkingarupplýsingar um fôðurefni og fôðurlöndur fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manndis**

## I. kafli

Merking fôðuraukefna eins og um getur í f-lið 15. gr. og 1. mgr. 22. gr.

1. Tilgreina skal eftirfarandi aukefni ásamt sérheitum þeirra, eins og skilgreint er í viðeigandi lagagerningi þar sem veitt er leyfi fyrir viðkomandi fôðuraukefni, og/eða kenninúmer, magnið sem bætt er við, og heiti virka hópsins, eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003, eða flokksins sem um getur í 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar:

- a) aukefni þar sem kveðið er á um hámarksinnihald fyrir hvers konar marktægund,
- b) aukefni sem tilheyra flokknum „dýraræktaraukefni“ og „hníslalyf og vefsvipungalyf“,
- c) aukefni sem tilheyra virka hópnum „þvagefni og afleiður þess“ í flokknum „viðbætt næringarefni“ eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þarf aðeins að tilgreina virka hópinn þegar um er að ræða aukefni í virku hópnum „rotvarnarefni“, „þráaarnarefni“ og „litarefni“, eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

Í því tilviki skal sá sem ber ábyrgð á merkingum veita kaupanda upplýsingar skv. 1. mgr. ef hann fer fram á það.

3. Tilgreina skal heitið, sem mælt er fyrir um í viðeigandi lagagerningi þar sem veitt er leyfi fyrir viðkomandi fôðuraukefni, og viðbætt magn fôðuraukefnisins ef lögð er áhersla á það í merkingum, með orðum, myndum eða myndrænni útfærslu, að það fôðuraukefni sé í fôðrinu.
4. Aðilinn sem ber ábyrgð á merkingunum skal upplýsa kaupanda um heiti, kenninúmer og virka hóp fôðuraukefnanna sem ekki eru nefnd í 1. mgr., ef hann fer fram á það.
5. Fôðuraukefni sem ekki eru nefnd í 1. mgr. má tilgreina að eigin frumkvæði á eyðublaðinu sem mælt er fyrir um í 1. mgr., eða að hluta til.
6. Ef skynræn aukefni eða fôðuraukefni með næringarfræðilega eiginleika eins og um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 eru tilgreind að eigin frumkvæði skal tilgreina viðbætt magn þeirra.
7. Ef aukefni tilheyri fleiri en einum virku hópnum skal tilgreina þann virka hóp eða flokk sem á við um helstu virkni aukefnisins í fôðrinu sem um er að ræða.
8. Sá aðili, sem ber ábyrgð á merkingum, skal gera allar upplýsingar, sem varða samsetningu eða fullyrta eiginleika fôðursins sem hann setur á markað, aðgengilegar lögbærum yfirvöldum svo að hægt sé að sannreyna hvort upplýsingar í merkingunum séu réttar, þ.m.t. heildarupplýsingar um öll aukefni sem notuð eru.

## II. kafli

Merking greiningarþátta eins og um getur í f-lið 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 22. gr.

1. Greiningarþættir fôðurlöndu fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manndis skulu merktar eins og hér segir:

Fôður	Greiningarþættir	Markdýrategundir
Heilfôður	— Hráprótín	Kettir, hundar og loðdýr
	— Hrátrefjar	Kettir, hundar og loðdýr
	— Jarðolía og feiti	Kettir, hundar og loðdýr
	— Hráaska	Kettir, hundar og loðdýr

Fóður	Greiningarþættir	Markdýrategundir
Fóðurbætur — Steinefni	— Kalsíum	Allar tegundir
	— Natríum	Allar tegundir
	— Fosfór	Allar tegundir
Fóðurbætur — Annað	— Hráprótín	Kettir, hundar og loðdýr
	— Hrátréffjar	Kettir, hundar og loðdýr
	— Jarðolía og feiti	Kettir, hundar og loðdýr
	— Hráaska	Kettir, hundar og loðdýr

- Ef aminosýrur, vítamín og/eða snefilefni eru tilgreind undir fyrirsögninni greiningarþættir skal tilgreina þau ásamt heildarmagni þeirra.
- Ef orkugildi og/eða prótingildi eru tilgreind skal slík tilgreining vera í samræmi við aðferð Bandalagsins, ef völ er á, eða viðeigandi opinbera, innlenda aðferð í aðildarríkinu þar sem fóðrið er sett á markað, ef völ er á.

---

*VIII. VIÐAUKI*

**Sértæk ákvæði um merkingu fódurs sem uppfyllir ekki kröfur um öryggi og setningu á markað samkvæmt lögum Bandalagsins eins og um getur í 1. mgr. 20. gr.**

1. Menguð efni skulu merkt sem „fóður sem inniheldur of mikið af ... (tilgreining óæskilega efnisins eða efnanna í samræmi við I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB) og skal einungis notað sem fóður eftir að afeitrun hefur farið fram í starfsstöð sem hefur til þess sérstaka heimild“. Heimild slíkra starfsstöðva skal vera í samræmi við 2. eða 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005.
2. Þegar ætlunin er að minnka eða uppræta mengunina með hreinsun skal bæta eftirfarandi við í merkingu menguðu efnanna: „fóður sem inniheldur of mikið af ... (tilgreining óæskilega efnisins eða efnanna í samræmi við I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB) og skal einungis notað sem fóður eftir að fullnægjandi hreinsun hefur farið fram“.

—

## IX. VIÐAUKI

## SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 79/373/EBE	Tilskipun 96/25/EB	Aðrar gerðir: Tilskipanir 80/511/EBE (1), 82/471/EBE (2), 93/74/EBE (3), 93/113/EB (4) eða ákvörðun 2004/217/EB (5)	Þessi reglugerð
—	—	—	1. gr.
1. gr.	1. gr.	(2), (4): 1. gr. (3): 4. gr.	2. gr.
2. gr.	2. gr.	(2), (3): 2. gr.	3. gr.
—	—	—	1. mgr. 4. gr.
3. gr.	3. gr.	(3): 2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 4. gr.
—	4. gr.	—	3. mgr. 4. gr.
—	—	—	1. mgr. 5. gr.
12. gr.	—	(3): 2. mgr. 10. gr.	2. mgr. 5. gr.
3. mgr. 10. gr. a	b-liður 11. gr.	(2): 8. gr.	6. gr.
—	—	—	7. gr.
—	—	—	8. gr.
—	—	(3): 3. gr.	9. gr.
—	—	(3): 6. gr.	10. gr.
5. gr. e	—	—	1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.	(2): 2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 11. gr.
—	—	—	3. mgr. 11. gr.
6. mgr. 5. gr.	4. gr. og 4. mgr. 6. gr.	—	4. mgr. 11. gr.
6. gr.	4. gr.	—	5. mgr. 11. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.	—	12. gr.
5. gr. e	2. mgr. 5. gr.	(3): 6. mgr. 5. gr.	13. gr.
1. mgr. 5. gr., 11. gr.	1. mgr. 5. gr., 9. gr.	—	14. gr.
1. mgr. 5. gr. og c-liður 5. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.	(4): 1. mgr. 7. gr. E og tilskipun 70/524/EBE: 16. gr.	15. gr.
—	c- og d-liður 1. mgr. 5. gr., og 7. gr.	—	16. gr.
1. mgr. 5. gr., c- og d-liðir 5. gr.	—	—	1. mgr. 17. gr.
—	—	—	2. mgr. 17. gr.
3. mgr. 5. gr. c	—	—	3. mgr. 17. gr.
—	—	(3): 1., 4. og 7. mgr. 5. gr. og a-liður 6. gr.	18. gr.
—	—	—	19. gr.
—	8. gr.	—	20. gr.
—	a-liður 1. mgr. 6. gr.	—	1. mgr. 21. gr.
d-liður 5. mgr. 5. gr.	—	—	2. mgr. 21. gr.

Tilskipun 79/373/EBE	Tilskipun 96/25/EB	Aðrar gerðir: Tilskipanir 80/511/EBE (1), 82/471/EBE (2), 93/74/EBE (3), 93/113/EB (4) eða ákvörðun 2004/217/EB (5)	Þessi reglugerð
	a-liður 3. mgr. 6. gr.		3. mgr. 21. gr.
b-liður 5. mgr. 5. gr.			4. mgr. 21. gr.
a-liður 5. mgr. 5. gr.			5. mgr. 21. gr.
2. mgr. 5. gr.	3. mgr. 5. gr., b-liður 1. mgr. 6 gr.		6. mgr. 21. gr.
—	—	—	7. mgr. 21. gr.
c-liður 14. gr.			8. mgr. 21. gr.
3. mgr. 5. gr., 4. mgr. 5. gr. c og 5. gr. e	2. mgr. 5. gr.		22. gr.
1. mgr. 4. gr.		(1): 1. gr.	23. gr.
—	—	—	24. gr.
—	—	—	25. gr.
—	—	—	26. gr.
10. gr.	11. gr.		27. gr.
13. gr.	13. gr.	(2): 13. og 14. gr. (3): 9. gr.	28. gr.
—	—	—	29. gr.
—	—	—	30. gr.
—	—	—	31. gr.
—	—	—	32. gr.
—	—	—	33. gr.
2., 3. og 4. liður A-hluta viðaukans	II. og IV. liður A-hluta viðaukans		I. viðauki
1. liður A-hluta viðaukans og 6. mgr. 5. gr.	4. mgr. 6. gr.		II. viðauki
		(5): Viðauki	III. viðauki
5. og 6. liður A-hluta viðaukans	VII. liður A-hluta viðaukans		IV. viðauki
	C-hluti viðaukans		V. viðauki
B-hluti viðaukans			VI. viðauki
B-hluti viðaukans			VII. viðauki